

„Mér fannst ég svo heppin að kynna videóinu, því ég var ekki mjög hrifin af því sem ég var að gera, að spila á fíðlu. Ég var orðin fíðluleikari í hljómsveit og hefði getað verið slíkur það sem eftir var ævinnar,“ sagði Steina Vasulka vídeólistakona í samtali við Tímann, en hún er nýlega komin til landsins til að halda sýningu á Kjarvalsstöðum. Hún og eiginmaður hennar, Woody Vasulka, eru talin meðal helstu frumkvöðla vídeólistar.

Steina er fædd árið 1940 á Suðurgötunni í Reykjavík og bjó á Íslandi næstu 17 árin. Hún menntaðist í fíðluleik hjá Birni Ólafssyni og það var svo fíðlunámið sem rak hana út í heim, en hún segir hljómsveitarlífið ekki hafa átt við sig. Sumir hafi gaman af að troða upp, en hún taki út fyrir að þurfa að koma fram í svörtu dressi og setja á sig varalit. Að því leyti henti vídeólistin betur — hún þarf ekki einu sinni að vera til staðar, þegar verk hennar eru sýnd.

### Gift Tímóteusi

Fyrst lá leið Steinu til Danmerkur, þaðan til Þýskalands, en svo hafnaði hún í fíðlunámi í Tékkóslóvakíu. „Þar hitti ég Woody og kom honum úr landi, sem var mjög erfitt þá. Hann varð faktískt ríkisfangslaus og þannig gerðist hann íslenskur ríkisborgari og heitir hér Tímóteus Pétursson,“ sagði Steina og brosti út í annað.


Frá Tékkóslóvakíu ákváðu þau að stefna til Bandaríkjanna. „Það var náttúrulega ómögulegt að lifa í Tékkóslóvakíu og fyrir kvikmyndagerðarmann var ómögulegt að lifa á Íslandi árið 1965. Við ætludum svo sem aldrei að ílendast í Bandaríkjunum.“ En sú varð raunin og þau hafa nú búið þar í rúm 30 ár, undanfarin ár í Santa Fe í Nýju Mexíkó.

### Mikka mús-tæki

Steina og Woody byrjuðu ekki strax að fást við vídeólist, enda var sú listgrein ekki til árið 1965. Hins vegar komust þau á skrið í henni um 1969 og segir Steina þau aldrei hafa efast um að vídeólistin yrði viðurkennd listgrein. „En auðvitað þurfti restin af heiminum að íhuga þetta, enda var geysileg mótspyrna til að byrja með meðal listamanna, myndlistarmanna og kvikmyndagerðarmanna. Þau kölluðu þetta svona Mikka mús-tæki.“

### Þeirra málning er spennan og tíðni

Þau bjuggu þá í New York-fylki og voru svo heppin að Listaráð NY-fylkis var fyrsta listaráðið í Bandaríkjunum til að viðurkenna vídeólist sem list árið 1970. Mikil gerjun var í kringum „Mikka mús-tækin“ á þessum tíma, sem Woody tók þátt í vegna starfs síns. Steina og Woody höfðu lykil að vinnustofu náunga, sem var að fíka í þessum tækjum, og þau fóru ídulega í skjóli nætur til að leika sér með þau. Leikurinn vatt upp á sig, þegar hljóðgervlarnir komu svo til sögunnar. „Fyrir okkur var þetta alltaf sami efniviðurinn sem er í elektrónískri tónlist og myndlist. Spennan (voltage) og tíðnin (frequency) var okkar efniviður, nákvæmleg eins



Steina Vasulka.

Einn af helstu gúrúum vídeólistar sýnir nú á Kjarvalsstöðum — og hún er íslensk:

## Leiddist svörtu kjólarnir og varaliturinn — sneri sér því að vídeólist

og leir, olía eða strigi eða hver annar efniviður sem listamenn nota.“

Vídeólist þeirra Steinu og Woodys markast mjög af menntun þeirra og bakgrunni og blandast því í henni tónlist og mynd. „Við fórum strax að blanda þessu saman, að nota músíktæki til að búa til myndir eða taka mynd og þræða merkið í gegnum hljóðgervil til að fá út tónlist.“

### Eldhúsið

Kringum 1970 stofnuðu þau vídeóleikhúsið The Kitchen með hjálp styrkja frá Listaráði New York og ráku í tvö ár. Fáum árum síðar spratt upp fjöldi slíkra vídeóleikhúsa, en að sögn Steinu eru þau nú að deyja hægum dauðdaga. „Það er ekkert fé orðið eftir í Ameríku fyrir neitt svona. En á sama tíma er orðinn geysimikill áhugi á þessari listgrein í Evrópu.“

— Er þetta þá einhver bóla fyrst hún er þegar farin að hjáðna í Bandaríkjunum?

„Ameríkanar hafa alltaf haft bólur. Allt í þeirra þjóðfélagi fer inn og út aftur. Evrópa er stöðugri. Þeir eru tortrygnari á að meðtaka, en það hangir nú lengur við hjá þeim, ætla ég að minnsta kosti að vona.“

Þrátt fyrir þetta segir Steina þau ekki ætla að flytja sig til Evrópu, enda búi þau á svo yndislegum stað í Santa Fe í Nýju Mexíkó. Hins vegar sýni þau nánast aldrei í Ameríku, heldur eingöngu í Evrópu. Þess vegna hafa þau hjónin verið á ferð og flugi hin síðustu ár. Þegar sýningunni á Kjarvalsstöðum lýkur, er Steina á leið

til Amsterdam þar sem hún tekur við starfi forstöðumanns tónlistarstofnunar og gegnir því næsta árið.

### Hvað er vídeólist?

Ansí margir starfa sem vídeólistamenn nú orðið, þó þeir hafi ekki orðið áberandi hér á landi. Greinin tekur til ýmissa þátta, svo sem ljósmyndunar, myndlistar, tónlistar og kvikmyndagerðar, en verk Steinu spanna aðallega tónlist og ljósmyndir. Sýning hennar á Kjarvalsstöðum greinist í þrjú verk, sem eru tekin á járnsmíðaverkstæði, heimili hennar og í Japan. Steina dvaldi í Japan um tíma og tók þar mannamyndir,

en hún hefur aldrei áður notað myndir af mönnum í verk sín. Hvert verk er sýnt tvær vikur í einu.

— En hvernig í ósköpunum virkar þessi vídeólist?

„Það sem ég vonast til, er að fólk gangi inn í aðra veröld þegar það gengur inn í salinn og upplifi eitthvað óvenjulegt. Fyrir mér er það svipað og ég upplifi þegar ég fer á tónleika.“

Eftir því sem blaðamaður komst næst, koma gestir inn í sal þar sem stöðugur tónlistarglymjandi ríkir. Síðan ganga þeir um herbergið þar sem sex skermum er raðað tilviljunarkennt á gólfid og á þeim endurvarpast myndir, sem á einhvern hátt endurskapa aðra

útgáfu af heiminum en við erum vön.


— En hvernig er svona verk skapað?

„Ja, í einu verkinu setti ég myndavél t.d. á snúð og svo fór hún stöðugt í 360 gráðu hringi á ýmsa vegu, til hliðar. Svo sýni ég það sem ég sé út um gluggann eða ég held á henni og læt hana fara út um allt. Nedan á myndavélinni er ég með hljóddós sem skiptir um tón eftir því sem ég hreyfi myndavélina. Ég var að sanna það fyrir sjálfri mér og heiminum að það skipti engu máli hver myndin væri, maður þyrfti ekki að velja neitt. Ég er alveg á móti því að hagræða myndum eða hlutum fyrir framan myndavélina.“

„Fyrir mér er myndin ekki aðalatriðið, heldur tónninn og hreyfingin. Ég vil ekki gera íkónska list. Ef tónninn stoppar þá er þögn, þá er engin hreyfing, þá er það bara ljósmynd. Ég gæti aldrei gert stillimynd. Mér finnst ógurlega gaman að fara þarna inn og skoða Kjarval, en það er voðaleg mystería fyrir mér hvernig það er hægt að velja eina mynd. Ég er alltaf að berjast við að komast út úr rammanum.“

LÓA

## Myndir með íslensku yfirbragði í London



„Sjófuglar“, ein mynda Sigurðar Magnússonar.

in's College of Art and Design. Sigurður er fæddur árið 1948 í Reykjavík og starfði í mörg ár sem rafvélavirki og rafverktaki. Einnig var hann virkur þátttakandi í stjórnmálum og m.a. í forystu fyrir Alþýðubandalagið á ýmsum sviðum.

Á sýningunni eru 10 stór olíumálverk og 13 litlar myndir með blandaðri tækni. Hvetur galleríið Íslendinga í Englandi og ferðamenn til að skoða sýningu Sigurðar, en hún er opin til 20. apríl. Galleríið er til húsa að 120 Upper Tooting Road í London.